

**35. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, fimmtudaginn 6.
október 2022
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ), Ásgeir Jónsson (ÁJ), Jenný Lára Magnadóttir (JLM) og Jón Ingi Jónsson (JIJ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Hafnarstjóri

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 35 lögmeitan.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Erindi frá sveitarstjóra dags. 28.08.2022 þar sem greint er frá ákvörðun sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps á 596. fundi hennar sem fór fram 23.08.2022 um að endurskoðað tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi 2019-2031 verði send til fagnefnda þannig að þær geti fjallað um þá málaflokka sem undir þær heyra. Lögð er áhersla á að umfjöllun verði tilbúin fyrir fund skipulagsnefndar sem fer fram í nóvember.

Mál frá 34. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 07.09.2022.

Atvinnu- og hafnarnefnd vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi þau drög að endurskoðuðu aðalskipulagi sem fyrir liggja:

**Endurskoða þarf kafla 2.4 um atvinnu með tilliti til stöðunnar í atvinnulífi eins og hún er í dag.*

**Mikilvægt er að í skipulaginu komi skýrt fram sá vilji Tálknafjarðarhrepps að jarðgöng komi milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Arnarfjarðar.*

**Mikilvægt er að fara yfir skjalið og leiðrétta innsláttar- og staðreyndarvillur áður en það fer í frekari kynningu.*

2. Tálknafjarðarhöfn - framkvæmdir við rafmagn - 2209202

Farið yfir framkvæmdir við rafmagn á Tálknafjarðarhöfn sem eru unnir í samstarfi við Vegagerðina.

Staða verkefnisins kynnt og rædd.

3. Fjárhagsáætlun 2023-2026 - 2208067

Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhafnar 2023.

Mál frá 34. fundi Atvinnu- og hafnarnefndar sem fór fram 07.09.2022.

Hafnarstjóri mun leggja fram drög að fjárhagsáætlun og gjaldskrá til yfirferðar og afgreiðslu á næsta fundi Atvinnu- og hafnarnefndar.

4. Hafnarsambandsþing 2022 - 2206081

Erindi frá Hafnasambandi Íslands dags. 23.06.2022 þar sem boðað er til Hafnasambandsþings 2022. Þingið verður haldið í Ólafsvík 27.-28. október.

Formaður og hafnarstjóri munu taka þátt í þinginu.

5. Upplýsingagjöf hafnarstjóra 2022 - 2208004

*Hafnarstjóri fór yfir stöðu starfsmannamála á Tálknafjarðarhöfn.
Viðgerð á festingum á flotbryggjum er í undirbúningi og verður unnin á næstu vikum.*

6. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145

Fundargerðir stjórnarfunda Hafnasambands Íslands nr. 444 frá 14.06.2022 og 445 frá 16.09.2022.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:35.

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)